



## 1. fundur skólanefndar FG á skólaárinu 2021 - 2022 haldinn þriðjudaginn 7. sept. 2021 kl.12:00.

**Mætt voru:** Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Áslaug Hulda Jónsdóttir formaður, Frosti Logason varaformaður, Kristín Soffía Þorsteinsdóttir og Hannes Ingi Geirsson. Fríða Gyldadóttir fulltrúi kennara, Helgi Már Herbertsson fulltrúi nemenda og Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari.

### Dagskrá:

- Fjármál skólans  
Erum yfir áætlun hvað laun varðar og skýrist það að hluta til af launhækkunum sem hafa verið á árinu og veikindum starfsmanna. Það verður bætt að einhverjum hluta en annars er til fjármagn fyrir þessu. Einnig eru nemendaígildi of mörg miðað við það sem greitt er fyrir. Unnið verður í því að fækka heildarfjölda nemenda eða fá fleiri nemendaígildi. Engir nemendur verða teknir inn á miðönn, næst innritað í febrúar.
- Breytingar á starfsmannamálum  
Óvenju miklar breytingar þar sem nokkrir nýir kennarar voru ráðnir bara á haustönn vegna mikils fjölda áfanga í boði. Einnig er fjölgun nemenda á ákveðnum brautum og þar þurfti að bæta við kennurum.
- Verðskrá FG  
Lögð fram til kynningar, breyting á gjaldi fyrir stöðupróf og próftöku úr öðrum skólum og niðurfelling gjaldtöku fyrir meðmæli.
- Stækkun skólans  
Stækkun sveitafélagsins og nánustu sveitarfélaga er staðreynd. Nemendafjöldi mjög mikill í skólanum og allt rými í skólanum er nýtt að fullu. Áhersla á stækkun skólans, myndum gjarna vilja verða 800-900 nem. skóli. Stefnt er á að senda bréf til ráðuneytisins og svo í framhaldinu senda grein í blöðin. Þar með liggur fyrir formleg beiðni um stækkun skólans. Mikilvægt að fá nefnd í gang til að kanna fýsileika þess að stækka skólann.
- Önnur mál  
Sigrún Gísladóttir fyrrverandi skólanefndarfulltrúi féll frá í vikunni. Hún sat fjögur ár í skólanefnd FG og var mjög virk í skólasamfélaginu í Garðabæ um margra ára skeið. Skólanefnd vottar aðstandendum samúð sína.

Söngleikur um Pálmar Ólason arkitekt skólans verður sýndur í Urðarbrunni í lok mánaðarins.

Fundi slitið kl. 12:40

Fundarritari

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari